

VERKLÝSING

fyrir fastanefnd á sviði verðbréfavíðskipta og –sjóða.

Ábyrgðarmaður:

Guðmundur Kári Kárasón / Guðbjörg Eva Baldursdóttir

Bakhjarl:

Valgerður Rún Benediktsdóttir

Markmið:

Markmið með skipan fastanefndar á sviði verðbréfavíðskipta og –sjóða er að tryggja að innlent laga- og regluverk á sviðinu stuðli að traustum og heilbrigðum fjármálamarkaði. Aukið samstarf milli ráðuneytisins, eftirlitsaðila og annarra þátttakenda á fjármálamarkaði stuðlar að vandaðra og markvissara regluverki til hagsbóta fyrir íslenskan markað, haghafa og neytendur.

Hlutverk:

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með og ræða þróun á sviði verðbréfavíðskipta og –sjóða, hafa yfirsýn yfir málaflökkinn og vera atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ráðuneytinu) til ráðgjafar við stefnumótun. Sérstaklega skal fylgst með réttarþróun Evrópusambandsins (ESB). Fastanefndin fylgist með og metur hvort að íslenskar aðstæður kalli á sérlausnir, bæði þegar drög að nýjum reglum eru til umfjöllunar innan ESB og þegar verið er að taka Evrópulöggjöf inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn).

Skipan nefndar:

Nefndin er samstarfsverkefni þeirra aðila sem hafa með höndum laga- og regluverk á sviði verðbréfavíðskipta og –sjóða og helstu haghafa hér á landi. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra skipar sjö menn til setu í nefndinni. Skulu formaður og varaformaður skipaðir af ráðherra án tilnefningar en aðra fulltrúa skipar ráðherra eftir tilnefningu Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans, Kauphallarinnar, Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka fjárfesta sem hver um sig skipar einn. Hver nefndarmaður skal eiga þar sæti í tvö ár í senn. Við skipun nefndarinnar skal þess gætt að farið sé að ákvæðum 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Fastanefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði en henni er þó heimilt að funda eins oft og þurfa þykir. Fastanefndin setur sér sjálf verklagsreglur.

Þá skulu fulltrúar í fastanefnd kalla til aðila sem búa yfir þeirri sérfræðipækkingu sem nauðsynleg er til að fjalla um einstök mál sem nefndin hefur til meðferðar, þegar þurfa þykir.

Endurskoðun:

Skipun fastanefndarinnar felur í sér nýbreytni hér á landi. Í ljósi þess er æskilegt að í lok hvers almanaksárs verði afrakstur nefndarinnar tekinn til skoðunar og ráðuneytið í samráði við aðra aðila nefndarinnar leggi mat á hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi nefndarinnar eða jafnvel leggja hana af, ef í ljós kemur að hún er ekki að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Fastir fulltrúar:

Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Guðmundur Kári Kárasón, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fjármálaeftirlitið.

Samtök Fjármálafyrirtækja.

Seðlabanki Íslands.

Kauphöllin.

Samtök fjárfesta.

Verkefni:

Nefndin sinnir eftirfarandi verkefnum:

1. Nefndin skal vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á sviði verðbréfavíðskipta og –sjóða og vera ráðuneytinu til ráðgjafar um stefnumótun þar sem það á við.
2. Nefndin skal fylgist með og/eða taka þátt í samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Ef þurfa þykir getur nefndin verið til ráðgjafar í einstökum málum.
3. Nefndin fjallar um fyrirhugaðar lagabreytingar hjá ESB á sviði verðbréfavíðskipta og –sjóða.
4. Nefndin er umræðuvettvangur um Evrópugerðir sem hafa verið teknar inn í EES-samninginn
5. Nefndin tekur til skoðunar ábendingar og athugasemdir sem berast í tengslum við löggjöf á sviði verðbréfavíðskipta og –sjóða.
6. Nefndin getur aðstoðað við erlend samskipti m.a. í vinnuhópum/nefndum á sviði verðbréfavíðskipta og –sjóða innan ESB/EFTA.

Reykjavík, XX. mars 2013

Kristján Skarphéðinsson
ráðuneytisstjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

VERKLÝSING

fyrir fastanefnd á sviði fjármálamarkaðar

Ábyrgðarmaður:

Leifur Arnkell Skaphéðinsson / Hreinn Hrafnkelsson

Bakhjari:

Valgerður Rún Benediktsdóttir

Markmið:

Markmið með skipan fastanefndar á sviði fjármálamarkaðar er að tryggja að innlent regluverk á sviði fjármálamarkaðar stuðli að traustum og heilbrigðum fjármálamarkaði. Aukið samstarf milli ráðuneytisins, eftirlitsaðila og annarra þátttakenda á fjármálamarkaði stuðlar að vandaðra og markvissara regluverki til hagsbóta fyrir íslenskan markað, haghafa og neytendur.

Hlutverk:

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með og ræða þróun á sviði fjármálamarkaðar, hafa yfirsýn yfir málaflokkinn og vera atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ráðuneytinu) til ráðgjafar við stefnumótun. Sérstaklega skal fylgst með réttarþróun Evrópusambandsins (ESB). Fastanefndin fylgist með og metur hvort að íslenskar aðstæður kalli á sérlausnir, bæði þegar drög að nýjum reglum eru til umfjöllunar innan ESB og þegar verið er að taka Evrópulöggjöf inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn).

Skipan nefndar:

Nefndin er samstarfsverkefni þeirra aðila sem hafa með höndum laga- og regluverk á sviði fjármálamarkaðar og helstu haghafa hér á landi. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra skipar fimm menn til setu í nefndinni. Skulu formaður og varaformaður skipaðir af ráðherra án tilnefningar en aðra fulltrúa skipar ráðherra eftir tilnefningu Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans og Samtaka fjármálafyrirtækja sem hver um sig skipar einn. Hver nefndarmaður skal eiga þar sæti í tvö ár í senn. Við skipun nefndarinnar skal þess gætt að farið sé að ákvæðum 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Fastanefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði en henni er þó heimilt að funda eins oft og þurfa þykir. Fastanefndin setur sér sjálf verklagsreglur.

Þá skulu fulltrúar í fastanefnd kalla til aðila sem búa yfir þeirri sérfræðipækkingu sem nauðsynleg er til að fjalla um einstök mál sem nefndin hefur til meðferðar, þegar þurfa þykir.

Endurskoðun:

Skipun fastanefndarinnar felur í sér nýbreytni hér á landi og því að um tilraunaverkefni sé að ræða. Í ljósi þess er æskilegt að í lok hvers almanaksárs verði afrakstur samstarfsins tekinn til skoðunar og ráðuneytið í samráði við aðra aðila að nefndinni leggi mat á hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi nefndarinnar eða jafnvel leggja hana af, ef í ljós kemur að nefndin er ekki að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Fastir fulltrúar:

Leifur Arnkell Skarphéðinsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Hreinn Hrafnkelsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Fjármálaeftirlitið

Samtök fjármálafyrirtækja

Seðlabanki Íslands

Verkefni:

Nefndin sinnir eftirfarandi verkefnum:

1. Nefndin skal vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á sviði fjármálamarkaðar og vera ráðuneytinu til ráðgjafar um stefnumótun þar sem það á við.
2. Nefndin skal fylgist með og/eða taka þátt í samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Ef þurfa þykir getur nefndin verið til ráðgjafar í einstökum málum.
3. Nefndin fjallar um fyrirhugaðar lagabreytingar hjá ESB á sviði fjármálamarkaðar.
4. Nefndin er umræðuvettvangur um Evrópugerðir sem hafa verið teknar inn í EES-samninginn
5. Nefndin tekur til skoðunar ábendingar og athugasemdir sem berast í tengslum við löggjöf á sviði fjármálamarkaðar.
6. Nefndin getur aðstoðað við erlend samskipti m.a. í vinnuhópum/nefndum á sviði fjármálamarkaðar innan ESB/EFTA.

Reykjavík, XX. mars 2013

Kristján Skarphéðinsson
ráðuneytistjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

VERKLÝSING

fyrir fastanefnd á sviði váttrygginga

Ábyrgðarmaður:

Erna Jónsdóttir

Bakhjarl:

Valgerður Rún Benediktsdóttir

Markmið:

Markmið með skipan fastanefndar á sviði váttrygginga er að tryggja að innlent regluverk á sviði váttrygginga stuðli að traustum og heilbrigðum fjármálamarkaði. Aukið samstarf milli ráðuneytisins, eftirlitsaðila og annarra þátttakenda á fjármálamarkaði stuðlar að vandaðra og markvissara regluverki til hagsbóta fyrir íslenskan markað, haghafa og neytendur.

Hlutverk:

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með og ræða þróun á sviði váttrygginga, hafa yfirsýn yfir málaflökkinn og vera atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ráðuneytinu) til ráðgjafar við stefnumótun. Sérstaklega skal fylgst með réttarþróun Evrópusambandsins (ESB). Fastanefndin fylgist með og metur hvort að íslenskar aðstæður kalli á sérlausnir, bæði þegar drög að nýjum reglum eru til umfjöllunar innan ESB og þegar verið er að taka Evrópulöggjöf inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn).

Skipan nefndar:

Nefndin er samstarfsverkefni þeirra aðila sem hafa með höndum laga- og regluverk á sviði váttrygginga og helstu haghafa hér á landi. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra skipar fjóra menn til setu í nefndinni. Skal formaður skipaður af ráðherra án tilnefningar en aðra fulltrúa skipar ráðherra eftir tilnefningu Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans og Samtaka fjármálafyrirtækja sem hver um sig skipar einn. Hver nefndarmaður skal eiga þar sæti í tvö ár í senn. Við skipun nefndarinnar skal þess gætt að farið sé að ákvæðum 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Fastanefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði en henni er þó heimilt að funda eins oft og þurfa þykir. Fastanefndin setur sér sjálf verklagsreglur.

Þá skulu fulltrúar í fastanefnd kalla til aðila sem búa yfir þeirri sérfræðipækkingu sem nauðsynleg er til að fjalla um einstök mál sem nefndin hefur til meðferðar, þegar þurfa þykir.

Endurskoðun:

Skipun fastanefndarinnar felur í sér nýbreytni hér á landi og því að um tilraunaverkefni sé að ræða. Í ljósi þess er æskilegt að í lok hvers almanaksárs verði afrakstur samstarfsins tekinn til skoðunar og ráðuneytið í samráði við aðra aðila nefndarinnar leggi mat á hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi nefndarinnar eða jafnvel leggja hana af, ef í ljós kemur að nefndin er ekki að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Fastir fulltrúar:

Erna Jónsdóttir fulltrú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.
Fjármálaeftirlitið.
Samtök fjármálafyrirtækja.
Seðlabanka Íslands.

Verkefni:

Nefndin sinnir eftirfarandi verkefnum:

1. Nefndin skal vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á sviði váttrygginga og vera ráðuneytinu til ráðgjafar um stefnumótun þar sem það á við.
2. Nefndin fylgist með og/eða tekur þátt í samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Ef þurfa þykir getur nefndin verið til ráðgjafar í einstökum málum.
3. Nefndin fjallar um fyrirhugaðar lagabreytingar hjá ESB á sviði váttryggingastarfsemi og miðlun váttrygginga.
4. Nefndin er umræðuvettvangur um Evrópugerðir sem hafa verið teknar inn í EES-samninginn
5. Nefndin tekur til skoðunar ábendingar og athugasemdir sem berast í tengslum við löggjöf á sviði váttrygginga.
6. Nefndin getur aðstoðað við erlend samskipti m.a. í vinnuhópum/nefndum á sviði váttrygginga innan ESB/EFTA.

Reykjavík, XX. mars 2013

Kristján Skarphéðinsson
ráðuneytistjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti